


Að uppgötva

Fyrir nokkrum árum varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að eyða mánuði á Íslandi. Ég þekkti engan sem hafði komið til Íslands og þekking mín á þessum fjarlæga stað var fremur rýr. Þetta varð hins vegar besta ferð lífs míns og ég ætla mér svo sannarlega að snúa aftur. Það sem gerði ferð mína svo eftirminnilega var að ég upplifði bæði vinsæla ferðamannastaði sem og afskekktar náttúruperlur. Einnig urðu

kynni mín af Íslendingum mjög ánægjuleg. Þegar dvöl mín var um það bil hálfnuð áttaði ég mig á því að margt er líkt með Íslandi og heimalandi mínu Alaska. Veðrið er sambærilegt, landslagið yfirþyrmandi, fólkíð vingjarnlegt, landið er úr leið fyrir flesta, og náttúran spilar stórt hlutverk í hversdagslífi þeirra sem búa á svo norðlægum slóðum.



Alaska


Það er auðvelt fyrir ferðalanga í Alaska að halda sig innan vinsælla ferðamannastaða, sem margir hverjir eru afar fallegir. En til að upplifa Alaska til fulls verður fólk að vera reiðubúið að halda á afskekktari staði. Á komandi síðum mun ég segja stuttlega frá nokkrum vinsælustu ferðamannastöðum Alaska en einnig frá sumum af eftirlætisstöðum mínum. Ásamt Íslandi er

Alaska einn af fegurstu stöðum jarðarinnar og skartar óendanlegri strandlengju, fjöllum, jöklum, ám og skógum. Eins og gefur að skilja er ómögulegt að gera öllum þessum stórko-stlegu stöðum Alaska góð skil í svo stuttri grein. Alaska er víðfeðmt fylki og margir staðir ókan-naðir og óbyggðir. Það má segja að landið sé Paradís útivistarfólks.

Tunglskin í Alaska Range í Denali þjóðgarðinum.



Alaska



Texti og myndir:
Troy Henkels
henkeltr@yahoo.com

Þýðing: Eiríkur Stephensen

Horft í suður

Suður af Anchorage er Kenai-skaginn. Hann er fjölsóttur af stang- og skotveiðimönnum. Þar er að finna bestu silungsveiðiár veraldar. Míni uppáhaldsstaðir eru þó þar sem sportveiðimenn venja síður komur sínar. Leiðin út úr Anchorage er gullfalleg þar sem hún liggur meðfram Turnagain Arm og upp í fjöllin. Í góðu skyggni er þetta fallegasta vegarstæði sem ég hef ferðast um. Eftir um tveggja klukkustunda akstur til suðurs frá Anchorage er komið til Seward, lítils þorps með um 3.000 íbúum. Þar er miðstöð Kenai Fjords-þjóðgarðsins. Seward er lítið fiskimannasamfélag sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna á sumrin og er vel þess virði að leggja leið sína þangað. Allt sumarið er hægt að fara í skoðunarferðir á bátum um firðina og sjá hvar fjöllin steypast niður í sjóinn. Þar eru einnig stærstu skriðjökla Alaska. Sjávarlífríkið er vinsælt aðdráttarafi þar sem sjá má

Að komast til Alaska

Þegar flogið er til Alaska er lent í stærstu borg landsins, Anchorage, en hún er miðstöð viðskipta í landinu. Á Netinu má finna upplýsingar um allt það sem þessi stórborg hefur upp á að bjóða. Góður byrjunarreitur er www.anchorage.net, heimasíða ferðamálastofu borgarinnar. Þar sem ferðamannaþjónustan er svo fyrirferðamikil eru

samgöngur við helstu ferðamanna- staði greiðar þótt vegakerfi sé smátt í sniðum. Innfæddir segja gjarnan að það besta við Anchorage sé að það er aðeins í tíu mínútna fjarlægð frá Alaska. Sem betur fer fyrir ævintýraþyrsta tekur ekki langan tíma að komast úr stórborginni út í óbyggðirnar.

Sérstakt útsýni á Denali/Mt. McKinley frá Eilson Visitor Center í Denali þjóðgarðinum.



sæotra, seli, sæljón, gráhvali og háhyrninga. Fuglalíf er fjölbreytt og eru skallaernir og lundar áberandi. Allir sem koma til Anchorage ættu að heimsækja þjóðgarðinn en þangað er auðvelt að komast með bát eða kajak.

Einn af mínum eftirlætisstöðum utan alfaraleiðar er Lost Lake-göngu-leiðin nálægt Seward. Ef ekið er 8 kílómetra í suður frá Seward er komið að afleggjara að byrjunarreit leiðarinnar. Stígnum er vel við haldið og auðvelt er að komast leiðina á einum degi, þótt þægilegra sé að skipta henni í tvær dagleiðir. Leiðin er 25 kílómetrar og endar í Primrose Landing, og skynsamlegt er að láta bíl bíða á áfangastað. Ég er vanur að ganga að vatninu og til baka. Leiðin hefst við sjávarmál og liðast upp gegnum þéttan skóg og kjarr, áður en túndran opnast fyrir manni. Hækkun er 457 metrar og er leiðin talsvert á fótinn en hægt er að hvíla sig á falletum áningarstöðum meðfram lækjum og engjum. Þegar komið er yfir trjálínu koma í ljós Mt. Ascension og Resurrection Peaks og útsýnið yfir Seward Resurrection Bay og Kenai Fjords-þjóðgarðinn er stórkostlegt. Brátt er komið að Lost



Útsýni við Kenai-vatnið á leiðinni til Seward á Kenai skaganum.

Lake, blágrænu stöðuvatni sem er falið í túndrunni og umkringgt fjöllum. Mér finnst skemmtilegast að fara að Lost Lake á fjallahjólum. Leiðin er ein af bestu fjallahjólaleiðum í Bandaríkjunum þar sem allir geta fundið sér áskorun við hæfi. Og eftir erfiða uppferðina er aðalfjörrið að láta sig renna niður.

Á Kenai-skaganum má finna marga af skemmtilegustu og best varðveittu stígum í fylkinu. Þeir henta vel til gönguferða en eru einnig skemmtilegir á fjallahjólum. Margt fleira er til afþreyingar á Kenai-skaganum, svo sem röftun, stangveiði, svifdrekaflug, kajak- og kanóróður, seglbretti, ísklifur og fjallamennska og allt er þetta aðeins í nokkurra klukkustunda fjarlægð frá Anchorage.

Resurrection-flói og Kenai-fjarðar þjóðgarðurinn séð frá toppi Fox-eyjar.





Regnbogi síðdegis á toppi Sugarloaf fjalls í Denali-þjóðgarðinum.

Til norðurs

Í minna en klukkustundarfjarlægð frá miðbæ Anchorage er gamall námubær sem tilheyrir sögulegum minjum fylkisins. Til að komast þangað er ekið norður fyrir Palmer-þorpið í vestur að fjöllum og haldið áfram stórbrotinn veginn upp í Hatcher Pass. Þetta er eitt af fáum landbúnaðarsvæðum í Alaska og ekki er óalgengt að sjá plægða akra og rauðar hlöður í forgrunni

fjallalandslagsins. Vegurinn liggur upp meðfram Little Susitna River. Dásemdir þessarar leiðar verða best upplifaðar á staðnum og til lítils að lýsa þeim á prenti. Vegurinn endar djúpt inni í fjöllum í Independence Mine State Historical Park. Við fjallsræturnar er þyrping húsa og véla frá fjórða áratug síðustu aldar. Á fjórða og fimmta áratugnum var hér unnið gull úr jörð og enn í dag er grafið eftir gulli í nokkrum nám-

Róið á Wonder-vatninu, með Denali/Mt. McKinley í baksýn.

anna. Áhugaverðast er þó að kynna sér minjarnar eftir lífið hér þegar námastarfsemin var í fullum blóma.

Vegurinn heldur áfram til Summit Lake, lítillar tjarnar hátt uppi í fjöllum. Hér við smaragðsgrænt vatnið er fullkomið að stoppa og fá sér nesti. Hatcher Pass-svæðið er óþrjótandi paradís fyrir bakpokaferðalanga. Fegurstu staðina er að finna utan hins skipulagða leiðakerfis. Svæðið er hátt yfir trjálínu og hægt er að finna mýgrút skemmtilegra leiða um klettabeltin eða freðmýrarnar fyrir neðan. Uppáhaldsleið mín er hryggur rétt ofan við Summit Lake meðfram tindum tengdum saman með miklu hryggjabelti. Útsýnið er stórkostlegt í allar áttir og ef horft er niður grænt hyldýpi Hatcher-dalsins skynjar maður fljótt smæð mannskepnunnar. Á góðum degi er Denali sjáanlegt í 320 km fjarlægð.

Hatcher Pass er ekki þjóðgarður og er aðsókn í hann minni en í betur auglýsta þjóðgarða. Hatcher Pass hentar vel til göngu- og hjólréiðferða og hvers kyns vetraríþróttar. Á haustin skartar túndran öllum regnbogans litum og bláberjauppskera er jafnan mikil.



Mitt á milli Anchorage og heimskautsbaugs er Denali-þjóðgarðurinn. Garðurinn er næststærsti þjóðgarður Bandaríkjanna, jafnstór Massachusetts-fylki. 965 kílómetra langur Alaska-fjallgarðurinn sker garðinn, krýndur hæsta tindu Norður-Ameríku, Denali/Mt. McKinley (6.193 m).

Aðeins ein leið liggur inn í garðinn og sjá rútur um að flytja ferðamenn inn, þ.e. þá sem hafa til þess tilskilin leyfi. Láglendi þjóðgarðsins kallast Taiga og einkennist af harðgerum trjám, svo sem víði, birki, greni og ösp. Ofan við trjálínu er jörð þakin fléttum, mosa og lágum runnagróðri. Denali er eitt af fáum vistkerfum í heiminum sem eru svo gott sem ósnert. Það er því ekki aðeins fjallasýnin sem heillar heldur einnig tækifærið til að sjá villt dýr í sínu náttúrulega umhverfi. Grábirnir, úlfar, hreindýr, elgir, rauðrefir, sauðfé og gaupur eiga þarna griðastað, ósnertan af manna höndum. Fjölmargir ferðamenn leggja leið sína í Denali-þjóðgarðinn og oft þarf að bíða í 2–3 daga eftir rútuferi inn í garðinn ef leyfi fæst á annað borð. Þrátt fyrir þetta er heimsókn í garðinn fyrirhafnarinnar virði og mun seint líða úr minni.

Minjar Independence námunnar við Hatcher skarð.



Bear jökullinn í Kenai Fjords þjóðgarðinum.


Eitt af því besta við Denali-garðinn er skortur á skipulögðum göngustígum. Þeir sem ætla sér að ferðast um garðinn verða að hafa reynslu af kortalestri og vera reiðubúnir að takast á við harðneskjulegar aðstæður. Kynni af villidýrum eru óumflýjanleg. Hver ferð inn í Denali er einstök lífsreynsla.

Fyrir þá sem vilja upplifa óbyggðir Denali án þess að hitta annað útivistarfolk er hægt að einbeita

sér að svæðum í kring um sjálfan þjóðgarðinn, sem eru ekki síður spennandi.

Slíkt svæði er einmitt 19 kílómetra suður af innganginum í þjóðgarðinn, milli Carlo Creek og smábæjarinnar Cantwell. Þetta eru í raun austurmörk Denali-garðsins. Mjög fáir heimsækja þetta svæði þó engin leyfi þurfi til þess. Nálægt Carlo Creek sker þjóðvegurinn Alaska-fjallgarðinn og þaðan er gott aðgengi að ótal-





mörgum tindum sem flestir eru um 1.500 metrar. Af þeim er útsýni yfir mikið vöfundarhús tinda og skarða sem heillandi er að kanna. Þetta er ekki tæknilegt klifur en getur verið erfitt. Laun erfiðisins eru ríkuleg, útsýni yfir Alaska-fjallgarðinn þar sem Denali gnæfir yfir í 160 kílómetra fjarlægð.

Það sem er mest heillandi við Alaska er hvað mikið svæði er ókannað og ósnert af mannum. Þetta svæði austan við Denali er eitt best varðveitta leyndarmál óbyggða sem hægt er að hugsa sér.

Viðvörðunoröð

Stærstur hluti Alaska er fjarlægur óbyggðir og aðstæður geta verið mjög erfiðar. Ef slys verða getur

verið langt í að hjálp berist. Birnir og elgir geta verið árasargjarnir og mýflugur gera fólki lífið leitt. Þá geta veður verið válynd, úrkoma mikil og stundum snjóar jafnvel í júlí. Verið viðbúin. Ferðist skynsamlega og skiljið ekki eftir ummerki á náttúru og dýralífi. Ef rétt er haldið á spöðunum verður ferðin ánægjuleg og ógleymanleg lífsreynsla.

Besti tíminn

Það er enginn tími betri en annar til að heimsækja Alaska. Hver árstíð hefur sín sérkenni. Sumrin eru stórbrotin með sínum löngu dögum. Á haustin springur túndran út í litadýrð og norðurljósinn byrja að setja svip sinn á himininn. Vetur eru kaldir en oft heiðskýrt og norðurljósaskin

er nú einstakt. Tækifæri til iðkunar vetraríþróttar eru óendanleg og mikið af óbyggðunum er aðgengilegra þegar snjór hylur landslagið. Á vorin hlýnar, snjór er enn nægur og dagararnir lengjast.

Íslandsferð mín var farin í janúar og veðrið var ómurlagt. Það skipti þó minna máli en upplifun mín af fegurð lands og þjóðar. Alaska er eins hvað þetta varðar. Óháð árstíð eða veðri verður heimsókn til Alaska ógleymanleg. Og eins og áður sagði: Til að finna Alaska þarf aðeins að fljúga til Anchorage og þá er áfangastaðurinn í aðeins tíu mínútna fjarlægð.

Höfundur greinarinnar Troy Henkels býr í Eagle River í Alaska.